



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 14 – Þingsályktun samstarfssamningur ÍTK og KKÍ

Lagt er til að stjórn KKÍ verði falið að klára samstarfssamning á milli ÍTK og KKÍ þannig að samtökin taki að sér að aðstoða KKÍ við að hámarka svokölluð markaðs,- veðmála,- og sjónvarpsréttindi. Samhliða því muni samtökin taka að sér verkefni eins og eftirlit með að umgjörð leikja sem skrifstofa KKÍ hefur hingað til sinnt.

Greinargerð: ÍTK var stofnað árið 2023 en nánast öll félög í efstu deild eru aðilar að samtökunum. Körfuknattleikur nýtur sífellt meiri áhuga bæði hérlendis og erlendis sem sést í sífellt meiri áhuga almennings. Samtökin hafa aðstoðað KKÍ eins og hægt hefur verið í því meðal annars að hámarka virði samninga svo hægt verði að skila sem mestu til félaganna. Réttindin skiptast í markaðs,- veðmála,- og sjónvarpsréttindi. Mikilvægt er að ganga skrefi lengra og gera formlegan samstarfssamning þar sem að samtökin leggja til starfskrafta við alla þá vinnu sem nauðsynlegt þykir. Að auki yrði unnið að skýrri verkaskiptingu á milli aðila. Góð reynsla hefur verið af sama fyrirkomulagi frá KSÍ þar sem að verðmætin hafa sannarlega runnið til félaganna og vörumerkið Besta deildin fest í sessi.

Körfuknattleiksdeild KR - Egill Ástráðsson

<b>Vísað til:</b>	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglnanefndar
<b>Afgreitt:</b>	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld